

Nd.

192. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Næstu tvö ár (24 almanaksmánuði) eftir gildistöku laga þessara skal greiða eina krónu fyrir dráp hvers fullorðins svartbaks (veiðibjöllu), og greiðir ríkissjóður launin.

Sá, er drepíð hefir fullorðinn svartbak, skal sanna það fyrir hreppstjóra, sýslumanni eða bæjarfógeta, vilji hann hljóta laun fyrir samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

Sýsla og hreppur, sem vargfuglar þessir eru drepnir í, skulu greiða ríkissjóði: sýslan 25% og hreppurinn 20% af laununum. Auk þess skulu þeir, er æðardúnstekjur hafa, greiða ríkissjóði 50 auru fyrir hvert hreinsað kg. af æðardún, er þeim fellur næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara.

3. gr.

Sá, sem eyða vill svartbak með skotum, má gera það hvar sem er. Þó má það ekki gera á friðlýstum varplöndum né í nánd þeim, né heldur á friðlýstum höfnum, nema leyft sé af þeim, er þar á að ráða.

4. gr.

Skyllt er hverjum búanda að eyða eggjum svartbaks á ábýlislandi sínu og öðrum þeim löndum, er hann ræður yfir, ef þess er kostur. Vanræki ábúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, varðar það sektum, 50—300 kr. Sektir renna í sjóð sveitar þeirrar, er hlut á að máli.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, er frestað framkvæmd laga nr. 66 23. júní 1936.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.